

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 10. apríl 2018 samþykkt tvær deiliskipulagsbreytingar í Hagahverfi:

Elisabetarhagi 2.

Breytingin felur m.a. í sér að lóð Elisabetarhaga 2 stækkar á kostnað sameiginlegs svæðis og byggingarreitur fyrir bílgeymslu stækkar að sama skapi. Nýtingarhlutfall fjölbýlishússins hækkar úr 1,00 í 1,20 og nýtingarhlutfall bílgeymslu hækkar úr 0,30 í 0,50. Svalir íbúða mega fara 2 m út fyrir byggingarreit og stigahús 0,6 m. Lágmarkslofthæð bílgeymslu lækkar úr 2,5 m í 2,3 m.

Margrétarhagi 4, 6, 8, 10 og 12.

Breytingin felur í sér að byggingarreitir á lóðum 4-12 við Margrétarhaga stækka á þann veg að vesturmörk þeirra verða 7,5 m í stað 4,5 m. Nýtingarhlutfall á lóð nr. 8 við Margrétarhaga hækkar úr 0,27 í 0,28.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 11. apríl 2018,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2018